

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 15 10. mars 2005

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: http://lagabirting.is
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 40 98. ár

Miðvikudaginn 27. apríl 2005

Laus störf

Grunnskóli Snæfellsbæjar er nýsameinaður skóli með um 300 nemendur sem tók til starfa haustið 2004. Skólinn er aldursskiptur, með 3 starfsstöðvar: yngri deild á Hellissandi með 1.-4. bekk, deild á Lýsuhóli í Staðarsveit með 1.-10. bekk og eldri deild í Ólafsvík með 5.-10. bekk.

Eftirtaldir stjórnunarstöður við skólann eru lausar til umsóknar:

Aðstoðarskólustjóri.

Starfið felst ekki síst í því að aðstoða skólustjóra í að móta skólustarfið í nýju umhverfi og er því spennandi tækifæri fyrir metnaðarfullan einstakling. Aðstoðarskólustjóri er jafnframt deildarstjóri 5.-10. bekkjar. Gerð er krafa um kennaramenntun. Menntun og reynsla á sviði stjórnunar er æskileg.

Nánari upplýsingar fást hjá Óskari H. Óskars-syni, formanni skólanefndar, í sínum 436 1107 eða 868 2547. Óskað er eftir því að umsækjendur geri skriflega grein fyrir menntun sinni og öðru því sem þeir óska eftir að taka fram.

Umsóknarfestur er til og með 14. maí 2005.

Skriflegum umsóknum ber að skila til Óskars H. Óskarssonar, formanns skólanefndar, Lindarholti 8, 355 Ólafsvík.

Stöður deildarstjóra.

Eftirtaldir stöður millistjórnenda við skólann eru lausar til umsóknar:

- deildarstjóri yngsta stigs: 1.-4. bekkjar á Hellissandi
- deildarstjóri 1.-10. bekkjar á Lýsuhóli í Staðarsveit
- deildarstjóri námsþróunar og stoðþjónustu.

Starf deildarstjóra við skólann felst m.a. í staðbundinni, aldurs- og fagbundinni stjórnun við skólann. Auk þess taka millistjórnendur virkan þátt í stjórnun og stefnumótun skólustarfsins undir forystu skólustjóra. Gerð er krafa um kennaramenntun og kennslureynslu.

Umsóknir um stöður þessar berist skólustjóra, Sveini Þór Elinbergssyni, Ennisbraut 11, 355 Ólafsvík, ellegar á netfangið sveinn@gsnb.is. Uppl. í sínum 433 9900 og 894 9903.

Umsóknarfrestur er til og með 14. maí 2005.

Snæfellsbær er ungt sveitarfélag sem vefur sig utan um Snæfellsjökul: Staðarsveit, Búðir, Breiðavík, Arnarstapi, Hellnar, Hellissandur, Rif, Ólafsvík og Fróðárhreppur. Í góðu veðri eru þéttbýliskjarnarnir Heillissandur og Ólafsvík í aðeins tveggja tíma akstursfjarlægð frá Reykjavík - og veðrið er að sjálfsögðu alltaf gott undir Jökli.

Hér býr gott fólk sem er alltaf tilbúið til að bjóða nýja Snæfellsbæinga velkomna.

Í Snæfellsbæ er sérstaklega fallett umhverfi þar sem Snæfellsjökul ber hæst, enda býður bæjarfélagið upp á alla flóru landsins þegar kemur að landslagi, fugla- og dýralífi.

Útivist og íþróttir er hægt að stunda hvenær sem er ársins, skíði og snjóbretti, gönguferðir,

Auglýsing

um tillögu að breyttu deiliskipulagi byggðar sunnan Berga, Búðahverfinu Þorlákshöfn

Bæjarstjórn Ölfuss heimilar auglýsingu á tillögu að breytingu á samþykktu deiliskipulagi sunnan Berga, Búðahverfinu Þorlákshöfn, samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingartillagan nær til vestasta hluta Búðarhvefisins og vesturhluta Gissurarbúðar. Svæðið liggur allt vestan við aðalgötuna. Svæðið afmarkast til austurs af aðalgötunni og Gissurarbúð, til vesturs af opnu svæði og til suðurs af grænu svæði. Byggingarmagn er 117 íbúðir sem skiptast þannig að 34 íbúðir eru í raðhúsum, 42 íbúðir í parhúsum og 41 íbúðir í einbýlishúsi auk opinna svæða til sérstakra nota og gatnatenginga. Breyting á Gissurarbúð er að heimilt er að byggja vestan götunnar hús með mænishæð allt að 7,75 m, einbýlishús á einni hæð eða með nýtanlegu risi.

Við gildistöku þessa skipulags fellur úr gildi deiliskipulag sem samþykkt var 9. ágúst 2001.

Deiliskipulagið verður til sýnis á bæjarskrifstofum Ölfuss að Hafnarbergi 1, frá og með 27. apríl 2005 til 25. maí 2005.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagið. Frestur til þess að skila inn skriflegum athugasemdum er til 8. júní 2005, og skal skila þeim á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna innan tilskilins fests teljast samþykkir henni.

Sigurður Jónsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Ölfuss.

3089)

Auglýsing

um skipulagsmál í Borgarbyggð

Breyting á deiliskipulagi við Arnarklett í Borgarnesi.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, er hér með lýst eftir athugasemdum við breytingu á deiliskipulagi við Arnarklett samkvæmt tillögu dagsettri 22. apríl 1999.

Breytingar felast í eftirfarandi atriðum:

- Bætt er við einni fjölbýlishúsalóð. Við þetta minnka lóðir nr. 28 og 30-32 samkvæmt eldra skipulagi. Fjölbýlishús er leyfilegt á 2-4 hæðum.
- Fjölbýlishúsalóðir sem voru nr. 28 og 30-32 við Arnarklett breytast í lóðir nr. 28, 30 og 32-34.
- Fjölbýlishúsalóð nr. 26 er stækkuð ásamt því sem byggingareitur er rýmkaður. Ennfremur er leyfilegt að vera með kjallara.

Breytingartillagan mun liggja frammi á bæjarskrifstofu Borgarbyggðar frá 27. apríl 2005 til 25. maí 2005.

Deiliskipulag iðnaðarsvæðis við Vallarás 5-18.

Samkvæmt ákvæðum 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, er hér með lýst eftir athugasemdum við ofangreint deiliskipulag. Um er að ræða lóðir nr. 5, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, og 18 við Vallarás.

Tillagan mun liggja frammi á bæjarskrifstofu Borgarbyggðar frá 27. apríl 2005 til 25. maí 2005.

Deiliskipulag í Hamarslandi, reiðhöll og lokahús.

Samkvæmt ákvæðum 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, er hér með lýst eftir athugasemdum við ofangreint deiliskipulag. Um er að ræða reiðskemmu á svæði hestamanna og lokahús vatnsveitu í tengslum við vatnsveituframkvæmd.

Tillagan mun liggja frammi á bæjarskrifstofu Borgarbyggðar frá 27. apríl 2005 til 25. maí 2005.

Athugasemdum skal skila á bæjarskrifstofuna fyrir 9. júní 2005 og skulu þær vera skriflegar.

Borgarnesi, 19. apríl 2005.
Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

3263)

Auglýsing um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990- 2010

Breytingin felst í að samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, lengist Óseyri, hjáleið fyrir þungaflutninga, til austurs með ströndinni og tengist Austurvegi austan Valhallar íbúðar-hússins nr. 24 við Austurveg og hluti Austurvegar frá Melgerði að nýrri vegtengingu verður aflagður.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofum Fjarðabyggðar, Egilsbraut 1, Neskaupstað, Strandgötu 49, Eskifirði og Búðareyri 7, Reyðarfirði, og á heimasíðu fjarðabyggðar www.fjarda-byggd.is frá og með miðvikudeginum 27. apríl til miðvikudagsins 25. maí 2005.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar.

Frestur til að skila athugasemdum er til miðvikudagsins 8. júní 2005.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal þeim skilað á einhverja af ofangreindum bæjar-skrifstofum. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, 19. apríl 2005,
skipulagsfulltrúi.

3264)

Auglýsing um skipulagsmál í Garði

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 eru hér með auglýstar til kynningar eftirfarandi tillögur:

1. *Tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Borgartún:* Breytingin felst meðal annars í að einbýlishúsalóðum er breytt í parhúsalóðir.
2. *Tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Silfurtún:* Breytingin felst meðal annars í að bætt er við raðhúsalóðum við Silfurtún.
3. *Tillaga að nýju deiliskipulagi ofan við Fríholt:* Skiplagið tekur til nýrra parhúsalóða og einbýlishúsalóða ofan Fríholts og Ósbrautar.

Tillögurnar verða til sýnis á skrifstofu Garðs á Melbraut 3 frá og með 27. apríl 2005 til 25. maí 2005.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 8. júní 2005.

Skila skal inn athugasemdum á skrifstofu Sveitarfélagsins Garðs, Melbraut 3, Garði. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkja hana.

Bæjarstjóri.

3267)

Auglýsing um deiliskipulag við brekkuna í Ólafsvík, Snæfellsbæ

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar heimilar auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir brekkuna í Ólafsvík, Snæfellsbæ samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Skipulagssvæðið er austan núverandi byggðar í Ólafsvík og er í aðalskipulagi gert ráð fyrir íbúðabyggð þar. Svæðið er í tengslum við núverandi byggð og í góðum tengslum við gönguleiðir og útivistarsvæði í dalnum umhverfis byggðina í Ólafsvík. Brekkunni hallar til norðurs, þar er stórbrotið útsýni. Í brekkunni er gert ráð fyrir rað-, par- og einbýlishúsum.

Tillagan, ásamt frekari upplýsingum, liggur frammi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2, 360 Snæfellsbæ frá 27. apríl 2005 til og með 25. maí 2005.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera skriflegar athuga-semdir. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 8. júní 2005.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Snæfellsbær, 19. apríl 2005.
Smári Björnsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar.

3274)

golf, hestamennsku, sund og margt fleira. Nýtt glæsilegt íþróttahús er í Ólafsvík.

Óflugt tónlistarlíf er í sveitarfélaginu og félagastarfsemi með miklum blóma.

Skólastjóri Grunnskóla Snæfellsbæjar.

(3268

Stefnur

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Landsbanki Íslands hf. höfuðst, kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykja-vík vegna Landsbanki Íslands hf. 0111, Lauga-vegi 77, 155 Reykjavík

Stefndi: Hjálmar Sverrisson, kt. 291250-2979, óstaðsettur í hús.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Ólafur Helgi Árnason hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 149.297 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 149.297 frá 28. febrúar 2005 til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. sömu laga er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Einnig er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Þann 23. nóv-ember 2001 stofnaði stefndi tékkareikning nr. 310453 við útibú stefnanda að Laugavegi 77, Reykjavík og fékk jafnframt útgefið debetkort til úttekta af reikningnum. Þann 28. febrúar 2005 námu innistæðulausar færslur á reikningnum kr. 149.297. Var reikningnum lokað. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtu-tilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefndi er samkvæmt upplýs-ingum þjóðskrár ekki með skráð lögheimili, þ.e. óstaðsettur í hús og þrátt fyrir eftirgrennslan hefur ekki tekist að hafa upp á dvalarstað stefnda og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Lagatilvísanir: Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjár-skuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 og 12. gr. sömu laga. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefndi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauð-syn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lög-birtingablaði skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Útprintun úr viðskiptamannaskrá
2. Útprintun úr þjóðskrá
3. Lögbirtingablað það er stefnan birtist í

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, dómhúsinu v/Lækjartorg, Reykjavík, þann 7. júní 2005, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn.

Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 5. apríl 2005.
F.h. stefnanda,
Ólafur Helgi Árnason hdl.

(2993)

Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur, Helgi I. Jónsson

gerir kunnugt: Mér hefur verið tjáð af Jóhönnu Claessen, hdl., að hún þurfi fyrir hönd Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, Austurstræti 11, Reykjavík, að höfða mál til ógildingar á 2 tryggingarbréfum.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst krefjast þess að ógild verði með dómi 2 tryggingarbréf (allsherjarveð). Annars vegar tryggingarbréf nr. 0116-63-60128, útgefið þann 23. mars 1999, að fjárhæð kr. 30.000.000 tryggt með veði í fasteigninni Hafnarbraut 13-15, Kópavogi, eignarhluta 0101, 0103, 0104, 0106 og 0201. Hins vegar tryggingarbréf, nr. 0116-63-60045, útgefið þann 22. nóvember 1995, að fjárhæð kr. 5.000.000 tryggt með veði í fasteigninni Hafnarbraut 13-15, eignarhlutum 0101, 0103, 0104, 0106 og 0201, Kópavogi.

Fyrirsvar: Jóhanna Claessen, hdl., lögfræðideild Landsbanka Íslands hf., flytur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsatvik og málsástæður: Stefnandi kveður ofangreind tryggingarbréf (allsherjarveð) hafa verið útgefin af Byrgi ehf. kt. 660589-1639, til Landsbanka Íslands hf. með veði í Hafnarbraut 13-15, 200 Kópavogi, eignarhlutum 0101, 0103, 0104, 0106 og 0201. Með eignaskiptayfirlýsingu fyrir Hafnarbraut 13-15, sem gerð var 17. janúar 2003, breyttust númer eignarhlutanna þannig að eignarhluti 0104 varð eignarhluti 0105 og eignarhluti 0106 varð eignarhluti 0108.

Samkvæmt ofangreindu sé Landsbankinn réthafi samkvæmt tryggingarbréfunum, en þau hafi glatast og ekki fundist þrátt fyrir mikla leit. Það sé því brýn nauðsyn fyrir Landsbanka Íslands hf., að fá tryggingarbréfin ógild með dómi svo að bankinn geti nýtt sér réttindi þau sem hinum glötuðu skjölum fylgja.

Lagarök: Málið er höfðað með heimild í 120. -121. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála í héraði.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Frumrit ógildingarstefnu.
2. Skrá yfir framlögð gögn.
3. Ljósrit af tryggingarbréfum nr. 0116-63-60128 og 0116-63-60045
4. Lögbirtingablað það er stefnan birtist í.
5. Veðbandayfirlit.
6. Eignaskiptayfirlýsing fyrir Hafnarbraut 13-15.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hverjum þeim, er kann að hafa framangreind tryggingarbréf undir höndum eða telur til réttar yfir þeim, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102, dómhúsinu v/Lækjartorg, Reykjavík, þann 7. júní 2005, kl: 10.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sanna rétt sinn til tryggingarbréfanna, þar sem ella má búast við að útivistadómur gangi í málinu og tryggingarbréfin verði ógild með dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 11. apríl 2005.
Helgi I Jónsson.

(3002)

Auglýsing

um breytingu og nýtt deiliskipulag í Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu

Breytt deiliskipulag Sóltúnshverfis á Hvanneyri.

Samkvæmt ákvæðum 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst breyting á deiliskipulagi á Sóltúnshverfi, Hvanneyri.

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

1. Byggingarreitir verði stækkaðir á lóðum 11, 13, 15, 17, 14 og 16.
2. Á lóðum 11, 13, 15 og 17 verði heimilt að byggja allt að 3 íbúðir í stað tveggja. Einnig verði heimilt að byggja stakstæða bílageymslu fyrir 2 bíla í stað eins.
3. Á lóðum 14 og 16 verði heimilt að byggja stakstæða bílageymslu fyrir tvo bíla, einnig heimilt að ein bílageymsla verði innbyggð í húsi.

Nýtt deiliskipulag fyrir bílastæði og aðra umferð við Deildatunguhver.

1. Gert er ráð fyrir 30 almennum bílastæðum þar af 3 stæðum fyrir fatlaða auk möguleika fyrir 5-7 langferðabíla.
2. Gert er ráð fyrir salernis- og þjónustuhúsi, upplýsingaskiltum, útsýnispalli, safnþróm, auk bygginga sem fyrir eru á lóðinni.

Tillögurnar ásamt byggingar- og skipulagsskilmálum liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins Reykholti frá 27. apríl til 25. maí 2005 á venjulegum skrifstofutíma.

Athugasemdum skal skila fyrir 8. júní 2005 og skulu þær vera skriflegar.

Þeir sem ekki gera athugasemd innan tilgreinds frests teljast samþykkir tillögunni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi.

3285)

Auglýsing

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra

Samkvæmt ákvæðum 18. greinar skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:

1. *Stóru-Vellir á Landi.*

Um er að ræða landspildu á Stóru-Vallaheiði úr landi Stóru-Valla á Landi. Um 60 ha landsvæði er tekið úr landbúnaðarnotkun og í stað þess er gert ráð fyrir frístundabyggð á 6 lóðum. Aðkoma að svæðinu verður um þjóðveg 26, Landveg og um safnveg sem liggur af þjóðvegi sunnan Minni-Vallalækjar. Breytingartillagan er auglýst samhliða deiliskipulagstillögu á sama svæði.

Samkvæmt ákvæðum 25. greinar skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

2. *Stóru-Vellir á Landi.*

Skipulagið tekur til um 75 ha landspildu á Stóru-Vallaheiði úr landi Stóru-Valla á Landi. Skipulagið tekur til 6 lóða undir frístundabyggð á samtals um 13 ha landsvæði. Aðkoma að frístundabyggðinni er um þjóðveg nr 26, Landveg og um safnveg sem liggur af þjóðvegi sunnan Minni-Vallalækjar. Hús geta verið allt að 120 m² að stærð á hverri lóð. Leyfilegt er að vera með útigeymslu allt að 25m² og á lóðum F1 og F2 má geymsla vera allt að 200 m².

3. *Ölversholt, Holtum.*

Skipulag svæðisins nær yfir 68 ha svæði úr landi Ölversholts. Svæðið er merkt sem reitur F34 á staðfestu aðalskipulagi fyrir Holta- og Landsveit 2002-2014. Aðkoma að svæðinu er af þjóðveg nr. 26, Landvegi skammt austan Bjálmholts. Stærð frístundahúsa skulu ekki fara upp fyrir 125 m² að grunnfleti og heimilt er að reisa verkfæra- eða gestaskála allt að 25 m².

4. *Kvíarholt, Holtum.*

Skipulag svæðisins nær til 3,4 ha svæðis í landi Kvíarholts. Aðkoma að svæðinu er frá Kvíarholtsvegi, vegi nr. 2863 og Hagabraut, vegi nr. 286. Um er að ræða annars vegar 1,6 ha lóð undir íbúðarhús og útihús og hins vegar þrjár 0,6 ha lóðir undir frístundahús. Íbúðarhús allt að 200 m² að grunnfleti upp á 1 1/2 hæð. Útihús allt að 600 m² að grunnfleti á 1 hæð með kjallara. Frístundahús mega vera allt að 100 m² að grunnfleti upp á 1 1/2 hæð og geymsluskáli að stærð allt að 20 m².

5. *Miðbæjarskipulag á Hellu.*

Skipulagssvæðið afmarkast af reit sem nær frá Ytri Rangá, tekur yfir hluta af Þingskálum, norðvestur fyrir Dynskála og fram yfir Langasand. Svæðið er að langmestum hluta þjónustu-, verslunar-, iðnaðar- og athafnasvæði.

Bætt er við 4 nýjum lóðum sunnan við nýja Suðurlandsveginn, 1 nýrri lóð við gamla Suðurlandsveginn, 3 nýjum lóðum við Dynskála og 4 nýjum lóðum við Árbakka.

Stór lóð sunnan Suðurlandsvegar er ætluð fyrir þjónustustarfsemi sem tengist umferð um þjóðveginn. Þessi lóð hefur beinar aðreinar frá þjóðveginum.

Markmið með nýju deiliskipulagi er að endurskoða og samræma fyrri skipulagsáætlanir á svæðinu við væntanlega færslu þjóðveggar 1 og gerð hringtorga þannig að þau standist kröfur vegagerðarinnar. Einnig að ákveða með hvaða hætti framtíðar uppbygging á svæðinu verði og

endurskipuleggja gatna- og göngustígakerfi hverfisins þannig að vel greiðfært sé fyrir vegfarendur. Stefnt er að fegrun svæðisins með auknum gróðri og betri frágangi.

Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra, Suðurlandsvegi 3, 850 Hellu, á skrifstofutíma frá miðvikudeginum 27. apríl til og með 25. maí 2005.

Athugasemdum við skipulagstillögurnar skal skila á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra Suðurlandsvegi 3, 850 Hellu í síðasta lagi 8. júní 2005 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkja tillögurnar.

20. apríl 2005.
Ólafur Júlíusson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings ytra.

3286)

Nauðungarsölur Akranes

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Stíllholti 16-18, Akranesi, miðvikudaginn 25. maí 2005 kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Bárugata 17, mhl. 01-0101, fnr. 210-2460 3079)	Trailer og tæki ehf.	Íbúðalánasjóður og Kaupþing Búnaðarbanki hf.	936.772
Bárugata 17, mhl. 01-0201, fnr. 210-2461 3080)	Trailer og tæki ehf.	Íbúðalánasjóður	210.743
Bárugata 17, mhl. 210-2462, fnr. 210-2462 3081)	Trailer og tæki ehf.	Íbúðalánasjóður	181.297
Bárugata 19, mhl. 01-0101, fnr. 210-2457 3082)	Stíllholt ehf.	Íbúðalánasjóður	47.115
Háteigur 6, mhl. 01-0101 og 02-0101 (bílskúr) 3083)	Gestur Sveinbjörnsson	Lífeyrissjóður Bankastræti 7	83.974
Höfðabraut 4, mhl. 01-0301, fnr. 210-0918 3084)	Þórdís Ingibjartsdóttir	Ríkisútvarpið	117.676
Höfðasel 5, mhl. 01-0101, fnr. 225-1887 3085)	Júlíus Magnús Ólafsson	Byggðastofnun	10.964.973
Jaðarsbraut 35, mhl. 01-0201, fnr. 210-0965 3086)	Guðni Jónsson	Ríkisútvarpið og Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	355.681
Ægisbraut 9, mhl. 01-0201, fnr. 224-8054 3087)	Sæfari SF-109 ehf.	Íslandsbanki hf. og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis útibú	4.621.331
Akranesi, 14. apríl 2005. Sýslumaðurinn á Akranesi, Esther Hermannsdóttir ftr.			

Seyðisfjörður

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Bjólfsgötu 7, Seyðisfirði, miðvikudaginn 25. maí 2005 kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Breiðamörk, landnr. 156849, Fljótshéraði 3277)	Stefán Sigurðsson	Lánasjóður Landbúnaðarins	1.857.644

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum 7. apríl 2005, voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undir-ritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúunum.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreind-ur við nafn búsins.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Steinhús ehf. kt. 571199-2629 Urðarhæð 13, Garðabæ	3. mars 2005	fimmtudaginn 25. ágúst 2005 kl. 9.30
(2767 a		
Einheild ehf. kt. 540503-3970 Nýbýlavegi 28, Kópavogi	3. mars 2005	fimmtudaginn 25. ágúst 2005 kl. 10.00
(2768 a		
Kvíholt ehf. kt. 710501-3860 Smiðjuvegi 4a, Kópavogi	3. mars 2005	fimmtudaginn 25. ágúst 2005 kl. 10.30
(2769 a		

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framan-greindum þrotabúum, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Fjarðargötu 11, 220 Hafnarfirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúsins, verður haldinn á skrifstofu skipta-stjóra að Fjarðargötu 11, 3. hæð, Hafnarfirði á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búunum verður skiptum lokið á skiptafundinum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skrá yfir lýstar kröfur í búið mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síð-ustu viku fyrir skiptafundina.

Hafnarfirði, 11. apríl 2005.
Jón Auðunn Jónsson hrl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum 7. apríl 2005, voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undir-ritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúunum.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreind-ur við nafn búsins.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Upprif ehf., kt. 431003-2950, Huldubraut 13, Kópavogi	3. mars 2005	fimmtudaginn 25. ágúst 2005 kl. 11.00
(2770 a		
ÞM Málun ehf., kt. 541102-2720, Galtalind 2, Kópavogi	3. mars 2005	fimmtudaginn 25. ágúst 2005 kl. 11.30
(2771 a		
Barasta ehf., kt. 481096-2519, Grófarsmára 7, Kópavogi	4. mars 2005	fimmtudaginn 25. ágúst 2005 kl. 12.00
(2772 a		

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framan-greindum þrotabúum, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birt-ingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Fjarðargötu 11, 220 Hafnarfirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum

þrotabúsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Fjarðargötu 11, 3. hæð, Hafnarfirði á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búunum verður skiptum lokið á skiptafundinum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skrá yfir lýstar kröfur í búið mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundina.

Hafnarfirði, 11. apríl 2005.
Valgarður Sigurðsson hrl.

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 5. apríl 2005 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri þrotabúanna.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn hvers bús og fundartími skiptafundar.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Wexx ehf., kt. 430304-3480, Vesturhlíð 7, Reykjavík	19. janúar 2005	19. júlí 2005 kl. 10.00
(2791 a		
Höfuðleður ehf., kt. 630298-2029, Hverfisgötu 64a, Reykjavík	15. júní 2004	19. júlí 2005 kl. 10.30
(2792 a		
Svartar krullur ehf., kt. 710798-2499, Seljabraut 40, Reykjavík	12. janúar 2005	19. júlí 2005 kl. 11.00
(2793 a		
Fen ehf., 660802-2070, Faxafeni 12, Reykjavík	12. nóvember 2004	19. júlí 2005 kl. 13.30
(2794 a		
Varp ehf., kt. 411091-1559, Aðalstræti 16, Reykjavík	19. janúar 2005	19. júlí 2005 kl. 14.00
(2795 a		

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessara innkallana.

Kröfúlýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrár yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 4, Reykjavík á ofangreindum tímum.

Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofunni síðustu vikuna fyrir skiptafundi.

Reykjavík, 11. apríl, 2005.
Árni Einarsson hdl.

Endurbirt vegna villu.

Hluthafar í neðangreindu hlutafélagi hafa nýlega samþykkt að slíta félaginu, sbr. 85. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Á hluthafafundi sem haldinn var 12. febrúar 2005 voru Ólafur Viggó Sigurbergsson, kt. 040843-3299, löggiltur endurskoðandi og Friðgeir Sigurðsson, kt. 030763-5569, hjá PricewaterhouseCoopers og Oddur Sæmundsson, kt. 090639-2429, Ómar Jóhannsson, kt. 060159-4409 og Valtýr Guðmundsson, kt. 250628-5529 kjörnir í skilanefnd félagsins og löggiltir með bréfi fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra þann 3. mars 2005.

Með vísan til 87. gr. laga nr. 138/1994 er hér með skorað á alla þá sem telja til skuldar eða annarra réttinda á hendur félaginu eða eigna í umráðum þess að lýsa kröfum sínum fyrir

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Garðarsvegur 16, fastnr. 216-8461, Seyðisfirði ³²⁷⁸⁾	Puríður Salín Traustadóttir Heimir Jóhannsson	Búnaðarbanki Íslands hf., Hellu	722.685
Gyl, Fljótsdalshéraði ³²⁷⁹⁾	Ásta Bryndís Sveinsdóttir og Emil Jóhann Árnason	Olíuverslun Íslands hf.	71.454
Lyngás 12, fastnr. 217-5935, Fljósdalshéraði ³²⁸⁰⁾	Birkitré sf.	Íslandsbanki hf.	3.076.608
Lyngás 5-7 eh. fastnr. 217-5927, Fljótsdalshéraði ³²⁸¹⁾	Valkyrjurnar ehf.	Byggðastofnun	11.896.157
Reynihvammur 10, fastnr. 222-0419, Fljótsdalshéraði ³²⁸²⁾	Fjóla Berglind Helgadóttir og Kolbrún Sigurðardóttir	Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar ehf.	170.779
Skógarlönd 3, Fljótsdalshéraði ³²⁸³⁾	Í efra ehf.	Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	462.645
